



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Breyting á reglum um fjárhagsaðstoð varðandi sjálfkrafa uppfærslu á fjárhæðum í samræmi við verðlagsforsendur fjárhagsáætlunar

Lagt er til að meðfylgjandi breyting verði gerð á 10. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg þar sem kveðið verði á um að velferðarsvið uppfæri 1. janúar ár hvert grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðar í samræmi við verðlagsforsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar um vísitölu neysluverðs. Velferðarráð hafi þó áfram umboð til að endurskoða fjárhæðina árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar enda fari sú endurskoðun fram fyrir 1. október undanfarandi árs. Tillagan leiðir ekki til kostnaðarauka.

Greinargerð:

Á fundi velferðarráðs þann 1. október 2025 var samþykkt svohljóðandi tillaga:

Velferðarráð felur velferðarsviði að leggja fram tillögu um hvernig megi tryggja að fjárhæðir fjárhagsaðstoðar verði endurskoðaðar árlega, á ákveðnum tímamarki við vinnu fjárhagsáætlunar. Jafnframt verði sviðinu falið að kanna hvort unnt sé að kveða á í reglum Reykjavíkurborgar um viðmið um endurskoðun fjárhæða þannig að það taki að lágmarki mið af verðlagsforsendum fjárhagsáætlunar en þó með hliðsjón af samþykktri fjárhagsáætlun hverju sinni.

Tillögunni fylgdi greinargerð.

Gildandi framkvæmd:

Í 10. gr. reglna um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, nr. 350/2021 (hér eftir reglurnar) er kveðið á um grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðar og er þar greint á milli einstaklinga og hjóna. Í 9. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að fjárhæðir verði endurskoðaðar af velferðarráði árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

Tíma- og verklagsáætlun fjárhagsáætlunar er gefin út af fjármála- og áhættustýringarsviði Reykjavíkurborgar árlega. Velferðarsvið gerir einnig innra verklag og áætlun um fjárhagsáætlunargerð og er endurskoðun á grunnfjárhæð ávallt hluti af þeirri áætlun. Gert er ráð fyrir ákveðinni hækkun í áætlunargerð sem skilað er í ágúst/september ár hvert en tillaga





er svo formlega lögð fyrir velferðarráð á haustmánuðum hvers árs. Ávallt er miðað við hækkun á grunnfjárhæðum í samræmi við vísitölu neysluverðs næsta árs í forsendum fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar. Tillagan er háð samþykki velferðarráðs og borgarráðs. Í þeim tilvikum þegar svo hefur háttað til að tillaga um hækkun grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar hefur ekki hlotið samþykki í tæka tíð fyrir 1. janúar þá hefur ávallt verið kveðið á um afturvirka hækkun frá 1. janúar, notendum til hagsbóta.

Tillaga að breytingu:

Í samræmi við áðurnefnda samþykkt velferðarráðs frá 1. október 2025 er lögð fram tillaga sem gengur út á að grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðar hækki sjálfkrafa 1. janúar ár hvert, í samræmi við verðlagsforsendur fjárhagsáætlunar.

Með tillögunni er augin hagkvæmni og skilvirkni við hækkun á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar þar sem ekki verður nauðsynlegt að breyta fjárhæðum í reglunum í hvert sinn og leggja fyrir velferðarráð og borgarráð til samþykktar. Sjálfkrafa uppfærslur á fjárhæðum 1. janúar ár hvert eru einnig til hagsbóta fyrir notendur þar sem þær auka fyrirsjáanleika og koma í veg fyrir að notendur þurfi að biða eftir gildistöku tillögunnar ef dráttur hefur orðið á afgreiðslu hennar.

Rétt þykir þó að halda þeim varnagla að velferðarráð geti endurskoðað fjárhæðina en mikilvægt er að standi til að gera breytingar á grunnfjárhæðinni sem eru ekki í samræmi verðlagsforsendur fjárhagsáætlunar að þær liggja fyrir í tæka tíð og eigi síðar en 1. október undanfarandi árs.

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg nr. 350/2021:

Lagt er til að á 1.- 5. mgr. 10.gr. sem eru svohljóðandi:

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings, 18 ára eða eldri, sem rekur eigið heimili getur numið allt að 259.951 kr. á mánuði.

Með rekstri eigin heimilis, sbr. ákvæði 1. mgr. er átt við þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambúðarfólks getur numið allt að 415.922 kr. (259.951 x 1,6).

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði er 219.021 kr.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr hjá foreldrum er 129.976 kr. (259.951:2). Hafir einstaklingur, sem fellur undir framangreint forsjá barns, skal viðkomandi reiknuð grunnfjárhæð sem nemur 219.021 kr. á mánuði.

verði gerð sú breyting að í lok hverrar setningar í 1. og 3 - 5. mgr. komi setning sem orðist svo:
**Verðlagsforsendur ákvæðisins miða við árið 2026*

og verði því 1.- 5. mgr. svohljóðandi:



Reykjavík



*Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings, 18 ára eða eldri, sem rekur eigið heimili getur numið allt að 259.951 kr. á mánuði. *Verðlagsforsendur ákvæðisins miða við árið 2026*

Með rekstri eigin heimilis, sbr. ákvæði 1. mgr. er átt við þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning.

*Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til hjóna/sambúðarfólks getur numið allt að 415.922 kr. (259.951 x 1,6). *Verðlagsforsendur ákvæðisins miða við árið 2026*

*Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði er 219.021 kr. *Verðlagsforsendur ákvæðisins miða við árið 2026*

*Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr hjá foreldrum er 129.976 kr. (259.951:2). Hafi einstaklingur, sem fellur undir framangreint forsjá barns, skal viðkomandi reiknuð grunnfjárhæð sem nemur 219.021 kr. á mánuði. *Verðlagsforsendur ákvæðisins miða við árið 2026*

Lagt er til að 9. mgr. 10. gr. reglnanna sem hljóðar svo:

Fjárhæðir verða endurskoðaðar af velferðarráði árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar

verði svohljóðandi:

Velferðarsvið uppfærir grunnfjárhæðir 1. janúar ár hvert í samræmi við verðlagsforsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar á vísitölu neysluverðs næsta árs. Velferðarráð hefur umboð til að endurskoða fjárhæðina árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar enda fari sú endurskoðun fram fyrir 1. nóvember undanfarandi árs.

Lagt er til að ný 11. mgr. bætist við 10. gr. sem verði svohljóðandi:

Á heimasíðu Reykjavíkurborgar eru birtar uppfærðar grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðar á grundvelli 1. og 2.- 5. mgr. miðað við 1. janúar ár hvert.

Tillagan leiðir ekki til kostnaðarauka fyrir velferðarsvið, í þeim skilningi að ekki verður kostnaður umfram áætlun sviðsins, þar sem hér er einungis verið að leggja til að verklag, sem er fylgt við hækkun grunnfjárhæðar ár hvert, verði nú sjálfvirk í stað þess að velferðarráð og borgarráð samþykki það ár hvert.